

Skilmálar í heild sinni:

- Leikurinn er opinn íbúum Slóveníu, Moldóvu, Íslands, Serbíu, Ungverjaland, Bosníu og Hersegóvínu, Svartfjallalands, Kósóvó, Albaníu og Norður-Makedóníu, 18 ára eða eldri, að undanskildum starfsmönnum leikshaldara, umboðsaðilum, dreifingaraðilum eða hlutdeildarfélagum leikshaldara eða nánustu fjölskyldumeðlimum (samkvæmt skilgreiningu foreldrar, börn, systkini, makar og aðrir sem deila heimili með viðkomandi) og hverjum sem tengjast þessari kynningu faglega.
- Kaup eru nauðsynleg (að Svartfjallalandi og Norður-Makedóníu undanskildum). **Íbúar í Slóveníu, Moldóvu, Íslandi, Serbíu, Ungverjalandi, Bosníu og Hersegóvínu, Kosovo og Albaníu verða að geyma sundurlíðaða kvittun sem tilgreinir tíma og dagsetningu kaupanna fyrir skráningu innan leiktímabilsins, þar sem þess gæti verið krafist til staðfestingar og til að vinningshafi fái vinninginn afhentan.** Nauðsynlegt er að hafa netaðgang, snjallsíma, reikning á síðu Kellogg's og gilt netfang.
- Vinsamlegast athugaðu að þótt við hvetjum til þátttöku í leiknum viljum við stuðla að ábyrgri neyslu á vörum okkar. EKKI kaupa fleiri vörur en þú getur notað eða neytt með sanngjörnum hætti til að taka þátt í þessum leik.
- Aðalleiktímabil:** Leikurinn er virkur frá 00:01 CEST (01:01 EEST) 16. apríl 2026 (23:01 BST þann 15. apríl 2026) til 23:59 CEST (22:59 BST) 28. júlí 2026 (00:59 EEST 29. júlí 2026) að lokadegi meðtöldum en á þessum tíma verða tvö aðskilin leiktímabil (hér eftir nefnd undirtímabil) eins og lýst er hér fyrir neðan. Hægt er að skrá þátttöku á milli 00:01 og 23:59 á hverjum degi á aðalleiktímabilinu.

Undirtímabil	Upphafstími og -dagsetning	Lokatími og -dagsetning
1	00:01 CEST þann 16.04.2026	23:59 CEST þann 04.06.2026
2	00:01 CEST þann 05.06.2026	23:59 CEST þann 28.07.2026

- Framlengt leiktímabil:** Þegar aðalleiktímabili lýkur verða skráningar gerðar á milli 00:01 CEST (01:01 EEST) 29. júlí 2026 (23:01 BST þann 29. júlí 2026) og 23:59 CEST (22:59 BST) 26. ágúst 2026 (00:59 EEST þann 27. ágúst 2026) verður færður inn í framlengt kynningartímabil.
- Þáttökuskilyrði fyrir íbúa Slóveníu, Moldóvu, Íslands, Serbíu, Ungverjaland, Bosníu og Hersegóvínu, Kosovo og Albaníu:** Þátttakendur verða að:
 - Kaupa dós af Pringles.
 - Nota snjallsíma til að fara inn á pringles.com, þaðan í Poptopia hluta síðunnar og velja Pringooals leikinn.
 - Skrá sig inn með Kellogg's reikningi eða stofna nýjan reikning;
 - Smella á „Spila núna“; og
 - Ljúka áskoruninni á sem stystum tíma.
- Þáttökuskilyrði fyrir íbúa Svartfjallalands og Norður-Makedóníu:** Þátttakendur verða að:
 - Nota snjallsíma til að fara inn á pringles.com, þaðan í Poptopia hluta síðunnar og velja Pringooals leikinn.
 - Skrá sig inn með Kellogg's reikningi eða stofna nýjan reikning;
 - Smella á „Spila núna“; og
 - Ljúka áskoruninni á sem stystum tíma.

8. **Frekari skilyrði fyrir þátttöku:**

- a. Það er mögulegt að snjallsímar með eldri stýrikerfi en iOS 14 eða Android 9, og iPhone 8-símar eða eldri geti ekki hlaðið gögnum nógu hratt og þannig haft áhrif á keppnistíma þátttakanda.
- b. Aðeins er hægt að ræsa leikinn með Safari útgáfu 17.1 eða nýrri farsíma, Samsung Internet útgáfu 23 eða nýrri, eða Google Chrome útgáfu 119 eða nýrri. Öll forrit verða að vera virkjuð með JavaScript til að ræsa leikinn.

9. **Aðeins fyrir Slóveníu, Moldóvu, Ísland, Serbíu, Ungverjaland, Bosníu og Hersegóvínu, Kosovo og Albaníu:**

Öllum skráningum þarf að fylgja með ný kvittun fyrir kaupum sem gerð voru á leiktímabilinu sem sýni að kaupin hafi farið fram fyrir skráningu í leikinn. Vinningshafar verða að geyma sundurliðaða kvittun þar sem fram kemur tími og dagsetning vörukaupa á leiktímabilinu sem sýni að kaupin hafi farið fram fyrir skráningu í leikinn. Nauðsynlegt gæti reynst að framvísa kvittun til staðfestingar og til þess að vinningshafi fái vinning afhentan. Ef þátttakandi getur ekki lagt fram kvittanir fyrir öllum innsendum skráningum getur sá þátttakandi ekki lengur tekið þátt í leiknum og allar innsendar færslur viðkomandi eftir þetta verða ógildar.

10. Hámark ein (1) skráning er leyfð á mann, á dag á hverju leiktímabili og að hámarki einn (1) vinningur á heimili (skilgreint sem einstaklingar sem skráðir eru á sama heimilisfang) bæði á aðal- og framlengdu leiktímabili.

11. **Vinningar á aðalleiktímabili:** Á hvoru undirtímabili 1 verður (1) vinningur, að verðmæti um það bil 10.000 evrur / 197.150,00 MDL / 1.420.000,00 ISK / 1.171.800,00 RSD / 3,894,420,00 HUF / 19,558,00 BAM / 966,300,00 ALL / 616,150,00 MKD. Hver vinningur er VIP ferð til Madrídar á Spáni fyrir 2 manneskjur, sem inniheldur:

- i. Fimm (5) nóttu gistingu á 5* hóteli í tveggja manna herbergi með morgunverði inniföldum;
- ii. Flug fram og til baka á almennu farrými frá Sarajevo (Bosníu og Hersegóvínu), Búdapest (Ungverjalandi), Reykjavík (Ísland) eða Belgrad (Serbíu), eftir því sem við á, þar sem boðið er upp á flug til Madrídar;
- iii. Akstur til og frá flugvælinum í Madríd til hótelsins;
- iv. Tvo (2) miða á „Legends: The Home of Football“-safnið í Madríd;
- v. Sérstaka skoðunarferð um Santiago Bernabéu leikvanginn með leiðsögn, aðgang að safninu og myndatöku með Evrópubikarnum;
- vi. Akstur í ofurbíl að eigin vali, 1-2 hringi á Circuit of Jarama-brautinni;
- vii. Tvo (2) miða á fótboltaleik í Madrid að verðmæti 600 evra / 11.829,00 MDL / 85.200,00 ISK / 70.308,00 RSD / 233.665,20 HUF / 1.173,48 BAM / 57.978,00 ALL / 36,969,00 MKD pr. miða;
- viii. Máltíðagjafakort að verðmæti 75 evra / 1.475 MDL / 10.650 ISK / 88.00 RSD / 29.200 HUF / 150 BAM / 7.250 ALL / 4.620 MKD á mann á máltíð á dag (2 máltíðir á mann á dag í 5 daga);
- ix. Hótelgjafakort að verðmæti 750 evra / 14.800 MDL / 106.500 ISK / 87.900 RSD / 292.100 HUF / 1.450 BAM / 72.475 ALL / 46.200 MKD fyrir mat, drykki og/eða aðra hótelpjónustu sem er í boði; og

- x. Einkakeyrslu á alla viðburði sem greint er frá hér að ofan í ákvæðum 11.iv. – 11.vii.

12. **Vinningur á framlengdu leiktímabili:** Á framlengdu leiktímabili verður einn (1) vinningur í boði að verðmæti 10.000 evra / 197.150,00 MDL / 1.420.000,00 ISK / 1.171.800,00 RSD / 3.894.420,00 HUF / 19.558,00 BAM / 966.300,00 ALL / 616.150,00 MKD. Hver vinningur er VIP ferð til Madrídará Spáni fyrir 2 manneskjur sem inniheldur:

- i. Fimm (5) nóttu gistingu á 5* hóteli í tveggja manna herbergi með morgunverði inniföldum;
- ii. Flug fram og til baka á almennu farrými frá Sarajevo (Bosníu og Hersegóvínu), Búdapest (Ungverjalandi), Reykjavík (Ísland) eða Belgrad (Serbíu), eftir því sem við á, þar sem boðið er upp á flug til Madrídará;
- iii. Tvo (2) miða á „Legends: The Home of Football“-safnið í Madríd;
- iv. Sérstaka skoðunarferð um Santiago Bernabéu leikvanginn með leiðsögn, aðgang að safninu og myndatöku með Evrópubikarnum;
- v. Akstur í ofurbíl að eigin vali, 1-2 hringi á Circuit of Jarama-brautinni;
- vi. Tvo (2) miða á fótboltaleik í Madrid að verðmæti 600 evra / 11.829,00 MDL / 85.200,00 ISK / 70.308,00 RSD / 233.665,20 HUF / 1.173,48 BAM / 57.978,00 ALL / 36.969,00 MKD pr. miða;
- vii. Máltíðagjafakort að verðmæti 75 evra / 1.475 MDL / 10.650 ISK / 88.00 RSD / 29.200 HUF / 150 BAM / 7.250 ALL / 4.620 MKD á mann á máltíð á dag (2 máltíðir á mann á dag í 5 daga);
- viii. Hótelgjafakort að verðmæti 750 evra / 14.800 MDL / 106.500 ISK / 87.900 RSD / 292.100 HUF / 1.450 BAM / 72.475 ALL / 46.200 MKD fyrir mat, drykki og/eða aðra hótelpjónustu sem er í boði; og
- ix. Einkakeyrslu á alla viðburði sem greint er frá hér að ofan í ákvæðum 12.iv. – 12.vii.

13. **Frekari upplýsingar og skilyrði verðlauna:**

- a. Umsjónaraðili vinninga er Element London Ltd („**Umsjónaraðili vinninga**“).
- b. Hver vinningur gildir fyrir vinningshafa og einn (1) gest.
- c. Vinningar fyrir tvo (2) eiga við um tvo (2) fullorðna sem verða að ferðast á sama tíma á sömu ferðaáætlun. Vinningshafinn og gestur hans verða að taka þátt í allri upplifun saman og allir hlutar vinningsins verða að vera nýttir í sömu ferðinni.
- d. Allir hlutar vinningsins, þar á meðal sérstakar beiðnir um fótboltaleiki, eru háðir framboði. Ef upplifun reynist ekki vera í boði getur umboðsaðili vinninga ákveðið að bjóða upplifun eða hluti af svipuðu tagi að jöfnu eða hærra verðmæti.
- e. Vegna eðlis vinningsins er uppgefið verðmæti áætlað og getur breyst eftir markaðssveiflum og því hvenær hann er innlestur.
- f. Vinningshafinn fær hvorki reiðufé né annars konar bætur ef raunverulegur kostnaður við vinninginn er lægri en áætlað er í 11. og 12. gr. í þessum skilmálum.
- g. Nánar verður farið yfir afhendingu vinnings í tölvupósti á milli umboðsaðila vinninga og vinningshafa Umboðsaðili vinninga skal leitast við að veita vinningshafa upplýsingar um vinninginn við fyrsta tækifæri. Leikshaldari og umboðsaðili vinninga hafa lokaákvörðun um alla þætti vinninganna og skipulagningu þeirra. Þegar vinningsupplýsingarnar, þar á meðal dagsetningar og staðsetningar, hafa verið staðfestar, getur vinningshafinn ekki breytt þeim.

- h. Vinningurinn gildir í 12 mánuði frá því að tilkynnt var um vinning og þarf að ljúka öllum ferðum innan þess tíma.
- i. Ekki er hægt að nýta vinninga um jól og áramót (22. desember – 2. janúar), páskahelgi og helstu frídaga í Slóveníu, Moldóvu, Íslandi, Serbíu, Ungverjalandi, Bosníu og Hersegóvínu, Svartfjallalandi, Kosovo, Albaníu, Norður-Makedóníu eða Spáni.
- j. Vinningshafinn verður að gefa umboðsaðila vinninga þrjá (3) hugsanlega ferðadaga á þremur (3) aðskildum mánuðum með 3 vikna millibili og að minnsta kosti 6 vikna fyrirvara um valinn dvalardag.
- k. Þegar búið er að bóka vinninginn er ekki hægt að breyta honum eða hætta við.
- l. Ef vinningshafinn kýs að nota hluta vinningsins ekki, eða getur ekki nýtt hann, tapar vinningshafinn þeim hluta vinningspakkans.
- m. Vinningar verða ekki endurgreiddir og ekki hægt að framselja þá; ekki er hægt að fá reiðufé í stað vinnings.
- n. Boðið verður upp á flug á almennu farrými báðar leiðir (að meðtöldum öllum viðeigandi flugvallargjöldum, sköttum og gjöldum) frá Sarajevo (Bosníu og Hersegóvínu), Búdapest (Ungverjalandi), Reykjavík (Ísland) eða Belgrad (Serbíu), eftir því sem við á, til Madríd á Spáni. Flug gæti verið óbeint og ekki eru allar flugleiðir í boði. Ferðaáætlun flugsins verður ákvörðuð af umboðsaðila vinninga.
- o. Flugsæti eru háð framboði.
- p. Aðgangskort að setustofu og uppfærslur eru ekki leyfðar. Ekki er hægt að nota neins konar vildarpunkta eða -kerfi, eða annan afslátt, afsláttarmiða, inneignir, kynningar eða sértillboð. Ekki er hægt að safna neins konar vildarpunktum fyrir flugmiðana.
- q. Þegar miðar hafa verið gefnir út gilda þeir aðeins fyrir flug, dagsetningar og skiptin sem sýnd eru. Engir aðrir kostir eru í boði. Nafnabreytingar á flugi sem búið er að staðfesta eru ekki leyfilegar.
- r. Vinningshafi og gestur hans verða að hlíta og eru háðir útgefnum skilyrðum flugfélagsins um flutning.
- s. Allir skattar á millilandaflug, aukagjöld og eitt stykki innritaður farangur á mann eru innifalin.
- t. Ferðaundirbúningur, þar með talinn kostnaður tengdur almenningsssamgöngum, eldsneyti eða bílastæðum, til og frá heimili vinningshafa eða gests og brottfararflugvelli, eru ekki hluti af vinningnum og eru á ábyrgð vinningshafans og ferðafélaga hans. Til að taka af allan vafa nær vinningurinn ekki yfir mat, drykki, minjabripi, þjófnef, bílastæðagjöld eða annan persónulegan kostnað sem ekki er sérstaklega tilgreindur í þessum skilmálum og hvorki leikshaldari né þeir aðilar sem leggja til vinninga (þar með talið umboðsaðila vinninga) bera ábyrgð á kostnaði sem til fellur vegna þessa. Ferðir frá heimili vinningshafa til brottfararflugvallar eru ekki innifaldar.
- u. Vinningurinn inniheldur ekki akstur innanlands, málfíðir og drykki, hótalgjöld, skoðunarferðir, meðferðir, vegabréfsáritanir, persónulegan kostnað og allt sem ekki er sérstaklega tekið fram í vinningspakknum.
- v. Gisting miðast við að tveir (2) fullorðnir deili einu (1) tveggja manna herbergi í fimm (5) nætur á 5 stjörnu hóteli í Madríd. Dvölin verður að innihalda laugardagskvöld og gistaður verður valinn af umboðsaðila vinninga.
- w. Nauðsynlegt gæti verið að nota gilt kredit- eða debetkort vegna tilfallandi gjalda til að tryggja herbergið þitt við innritun og því verður að minnsta kosti einn ferðalanganna að eiga og ferðast með gilt kredit- eða debetkort.

- x. Leikshaldari greiðir kostnað við venjulegt herbergi ásamt tengdum herbergissköttum.
- y. Nauðsynlegt er að nota gilt kreditkort til að innrita sig í herbergið og verður það notað til að tryggja tilfallandi gjöld eins og símtöl eða þjónustu.
- z. Vinningshafinn ber einn ábyrgð á öllum aukagjöldum sem stofnað er til á hótelinu meðan á dvöl hans stendur, þar með talið, án takmarkana, kostnaði við máltíðir, drykki, herbergisþjónustu, aukanaetur og þjónustu ásamt sköttum.
- aa. Til að keyra í ofurbíl þurfa þátttakendur að hafa gilt ökuskrteini. Ekki er mælt með keyrslu í ofurbíl á meðgöngu, eða fyrir þá sem eiga við hjarta-, háls- eða bakvandamál að stríða.
- bb. Vinningshafi og gestur hans fá einn (1) miða á fótboltaleik á mann, að heildarverðmæti allt að 600 evrur á miða. Leikir eru háðir framboði og ekki verða allir leikir í boði. Leikir milli nágrannaliða, úrslitaleikir og aðrir leikir sem vekja mikla athygli verða ekki í boði.
- cc. Gjafakort fyrir máltíð verða veitt að andvirði 75 evrur á mann fyrir tvær (2) máltíðir á dag í fimm (5) daga; Allur kostnaður umfram gjafakortið er á ábyrgð vinningshafa og gests hans.
- dd. Hótelgjafakort að verðmæti 750 evrur verður veitt vinningshafa og hægt er að nota það fyrir mat, drykk og aðra hótelpjónustu, þar með talið, en ekki takmarkað við, heilsulindarmeðferð meðan á dvöl vinningshafa stendur. Allir viðbótarskilmálar sem tengjast sérstökum hóteltgjafakortum verða kynntir við bókun.
- ee. Allar vinningsupplifanir fara fram á ensku eða spænsku.
- ff. Vinningshafi og gestur verða að ferðast saman í öllum tilfellum, á sömu dögum og tíma, fara í sömu ferðina og deila sama herbergi alls staðar þar sem boðið er upp á gistingu. Vinningshafinn afsalar sér vinningnum að öllu leyti ef vinningshafinn kemst ekki í fyrirhugaða bókun og leikshaldari og allir veitendur einhvers hluta vinningsins hafa engar frekari skuldbindingar við vinningshafa.
- gg. Vinningshafinn á ekki rétt á bótum og getur ekki gert kröfu á skipuleggjendur, umboðsaðila vinninga eða leikshaldara ef ferðinni, eða öðrum viðburði sem er hluti af vinningnum, er seinkað, frestað eða hætt við hana.
- hh. Vinningshafinn og gestur hans þurfa vegabréf sem gildir í að minnsta kosti 6 mánuði á ferðadegi. Geti vinningshafi eða gestur hans ekki ferðast vegna vegabréfsáritunar eða annarra persónulegra kringumstæðna, verða engir aukamiðar gefnir út og ekki verður boðið upp á neinar bætur eða annan vinning.
- ii. Það er á ábyrgð vinningshafa og gests hans að útvega viðeigandi tryggingar (þar með talið en ekki takmarkað við sjúkra- og ferðatryggingar, tryggingar fyrir þjófnaði, tjóni og eignatjóni) sem kann að vera krafist eða skynsamlegt að hafa.
- jj. Vinningnum er fyrirgert ef:
 - i. vinningshafinn eða gestur hans hefur ekki fengið öll viðeigandi ferðaskilríki fyrir þann dag sem leikshaldari tilgreinir;
 - ii. hömlur eru á ferðafrelsi vinningshafa eða gests sem koma í veg fyrir að þeir geti ferðast á tímabilinu; eða
 - iii. vinningshafinn eða gestur hefur einhverja læknisfræðilega, lagalega eða aðra ástæðu sem gæti komið í veg fyrir að þeir geti tekið við vinningnum og nýtt sér hann.
- kk. Það er á ábyrgð vinningshafa og gesta hans að skoða allar ferðaráðleggingar sem stjórnvöld gefa út til að ákvarða hvort þeir vilji sætta sig við áhættu af því að ferðast á áfangastaðinn. Leikshaldari er ekki ábyrgur fyrir neinu tapi eða skaða sem

vinningshafinn eða gestur hans verður fyrir og kemur til af misbresti þeirra á að fylgja öllum ferðaráðleggingum sem yfirvöld gefa út. Vinningshafi og gestur hans verða sjálfir að nálgast allar upplýsingar varðandi ráðlagðar bólusetningar og fá þær bólusetningar og kynna sér heilbrigðisreglugerðir sem gilda í áfangaland vinningsins.

- ll. Vinningshafinn ber ábyrgð á hegðun sinni og gestsins meðan á vinningsferðinni stendur. Leikshaldari áskilur sér rétt að eigin vali til að útiloka vinningshafa og/eða gesti hans frá þátttöku í einhverjum þáttum vinningsins ef annar hvor aðili: (i) hlýðir ekki fyrirmælum leikshaldara eða fyrirtækja sem tengjast vinningnum; eða (ii) hagar sér á þann hátt sem er hættulegur þeim sjálfum eða almenningi; eða (iii) er, að mati leikshaldara, andfélagslegur á nokkurn hátt eða veldur ónæði eða óþægindum fyrir aðra. Misbrestur á að fylgja þessum skilmálum kann að leiða til þess að vinningurinn verði dreginn til baka (að öllu leyti eða að hluta).
- mm. Það er á ábyrgð vinningshafans að veita rétt, uppfærð ítaratriði þegar hann skráir sig í kynninguna og/eða staðfestir viðtöku vinningsins til þess að unnið verði úr vinningnum. Leikshaldari getur ekki borið ábyrgð á því að vinningshafi hafi ekki gefið upp nákvæmar upplýsingar sem hafi áhrif á móttöku vinninga eða afhendingu vinnings.
- nn. Vinningshafinn verður að upplýsa leikshaldara, noti hann hjólastól eða annars konar hjálpartæki eða hafi sérstakar aðgengisparfir.

14. **Val á vinningshafa í aðalleiktímabili:** Sá þátttakandi sem lýkur leiknum á sem skemmstum tíma á hverju leiktímabili verður útnefndur bráðabirgðavinningshafi þess undirtímabils („bráðabirgðavinningshafi“).
15. **Val vinningshafa á framlengdu leiktímabili:** Sá þátttakandi sem lýkur leiknum á sem skemmstum tíma á framlengda leiktímabilinu verður útnefndur loka-bráðabirgðavinningshafi („Loka-bráðabirgðavinningshafi“).
16. Verði jafntefli á milli tveggja eða fleiri þátttakenda sem ljúka leik með sama tíma verður haft samband við þá, annað hvort á aðalleiktímabilinu eða á framlengdu leiktímabilinu, og þeir beðnir um að svara eftirfarandi spurningu: Hvert er uppáhalds Pringles bragðið þitt og hvers vegna?
17. Þáttökuskráningar sem berast á grundvelli ákvæðis 16 hér að framan verða dæmdar af óháðum þriðja aðila á:
 - a. Frumleika (af 10 stigum);
 - b. Sköpunargáfu (af 10 stigum); og
 - c. Kímnigáfu (af 10 stigum).
18. **Tilkynning til vinningshafa:**
 - a. **Aðalleikur:** Haft verður samband við hvern bráðabirgðavinningshafa (þann þátttakanda sem klárar áskorunina á fljótasta tíma á því undirtímabili sem þeir skráðu þátttöku, eða svara spurningunni í 16. grein) með tölvupósti á það netfang sem er skráð á Kellogg's reikning hans innan 28 daga frá því að viðkomandi undirtímabili lýkur, eða frá því að spurningunni í 16. grein er svarað, og gæti verið beðinn um að leggja fram sönnunargögn um auðkenni og gjaldgengi. Ef bráðabirgðavinningshafi svarar ekki fyrsta tölvupósti innan 14 daga eða er dæmdur úr leik vegna brots á þessum skilmálum áskilur leikshaldari sér

rétt til að veita verðlaunin til þess þátttakanda sem lauk leiknum næsthraðast á undirtímabilinu.

- b. **Framlengdur leikur:** Loka-bráðabirgðavinningshafi (sá þátttakandi sem klárar áskorunina á fljótasta tíma á framlengdu leiktíma bili eða svarar spurningunni í 16. grein), verður látinn vita með tölvupósti á það netfang sem skráð er á Kellogg's reikninginn innan 28 daga frá því að framlengdu leiktímabili lýkur, eða frá því að hann svarar spurningunni í 16. grein, og gæti verið beðinn um að leggja fram sönnunargögn um auðkenni og gjaldgengi. Ef loka-bráðabirgðavinningshafi svarar ekki fyrstu skilaboðum innan 14 daga frá móttöku eða fellur úr keppni vegna brota á þessum skilmálum áskilur leikshaldari sér rétt til að veita verðlaunin til næstfljótasta þátttakanda frá framlengdu kynningartímabili.

19. Ef vinningar frá einhverju leiktímabili standa eftir og hafa ekki gengið út, þeim hafnað, þeir ekki afhentir eða ekki sóttir, eftir að framlengdu kynningartímabili lýkur, eða ef bráðabirgðavinningshafi eða loka-bráðabirgðavinningshafi (sameiginlega, „bráðabirgðavinningshafi“) er dæmdur úr leik vegna brots á skilmálum þessum áskilur leikshaldari sér rétt til að veita þeim keppanda vinninginn sem lauk leiknum næstfljótastur á viðkomandi undirtímabili eða framlengdu kynningartímabili sem vinningurinn á við um. Þar sem það veltur algjörlega á vinningum í leiknum er fjöldi þeirra vinninga sem yrðu í boði eftir þessari leið, óþekktur. Allir vinningshafar eftir þessari leið fá tilkynningu með tölvupósti innan 45 virkra daga frá lokum framlengda leiktímabilsins.
20. **Samþykkt og afhending verðlauna:** Vinningshafar til bráðabirgða gætu verið beðnir um að leggja fram sönnunargögn um auðkenni eða gjaldgengi. Þegar bráðabirgðavinningshafi hefur lagt fram sönnunargögn um auðkenni sitt og gjaldgengi ef þess er óskað, ætti hann að vera vakandi fyrir tölvupósti sem staðfestir að hann sé vinningshafi ásamt frekari upplýsingum um vinninginn. Vinsamlegast athugið að það geta liðið allt að 10 dagar þar til vinningshafi fær staðfestingu á netfangið sem gefið var upp í tengslum við Kellogg's reikninginn.
21. Ef svo ólíklega vill til að tölvupósturinn sem staðfestir vinninginn berist ekki innan 10 daga frá tilkynningu vinningshafa, hafa vinningshafar 28 daga til viðbótar til að tilkynna það til leikshaldara í gegnum síðuna Hafa samband á Pringles.com. Geri vinningshafi það ekki áskilur leikshaldari sér rétt til að endurúthluta ekki vinningnum eða takmarka verðmæti hans að eigin geðþótta.
22. **Umsjónaratriði:** Leikshaldari áskilur sér rétt til þess að hafna skráningum á grundvelli 16. ákvæðis sem, að sanngjörnu mati hans:
- Innihalda efni sem er særandi eða sýna vörumerki kynningaradila, orðspor hans eða velvild í neikvæðu ljósi;
 - rægja, móðga eða fara með rangfærslur um annað fólk eða önnur fyrirtæki, þar með talið, en ekki takmarkað við, leikshaldara (þar á meðal samstarfsaðila hans); eða svör sem lýsa ákveðinni pólitískri sýn.
23. Ef einhverjar breytingar verða gerðar á skilmálum þessum, upplýsir leikshaldari þátttakendur um þær í gegnum þessa vefsíðu.
24. Það er á ábyrgð vinningshafa að gefa upp réttar persónuupplýsingar á Kellogg's reikningi sínum til þess að geta tekið við verðlaunum. Leikshaldari ber enga ábyrgð á því ef ekki er hægt að

afhenda vinninginn vegna rangrar upplýsingagjafar. Ekki er hægt að uppfæra póstfang eða netfang vinningshafa eftir skráningu.

25. Vinningshafar þurfa ekki að stofna til neins kostnaðar við að krefjast verðlauna eða samsvarandi ávinnings. Neytandi kann að stofna til kostnaðar við að taka þátt í leiknum. Vinningshafar bera ekki kostnað vegna ráðstafana leikshaldara til að vinningshafi fái vinninginn í hendur.
26. Leikshaldari getur farið fram á að vinningshafar taki þátt í sanngjörnu kynningarstarfi vegna leiksins, þar með talið notkun á nafni vinningshafa, rödd, borg/heimilissvæði, myndir, myndskleið eða kvikmyndainnskot og/eða annað myndlíki í auglýsinga- og/eða viðskiptalegum tilgangi og/eða í öðrum tilgangi á hvaða miðli eða sniði sem er nú eða hér eftir, án frekari bóta (fjárhagslegra eða annarra). Þátttaka er á valdi vinningshafa og er ekki skilyrði fyrir móttöku vinninga.
27. Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi leikinn skaltu hafa samband við þjónustuver á: <https://www.pringles.com/centraleurope/en/contact-us.html>.
28. Leikshaldari leitast við að kynna leiki á sínum vegum með sanngjörnum og öruggum hætti og koma í veg fyrir misnotkun og svik. Ef þú skráir þátttöku í ósamræmi við þessa skilmála verður þátttaka þín (og öll dulnefni sem tengjast þér) skráð úr leiknum, vinningar fyrnast og leikshaldari áskilur sér rétt til að banna þér þátttöku í framtíðarleikjum í að minnsta kosti sex mánuði. Vegna þessa áskilur leikshaldari sér rétt til hvenær sem er að:
 - a. Sannprófa gjaldgengi þátttakenda og/eða vinningshafa með fyrirvara með því að óska eftir þeim upplýsingum sem við teljum nauðsynlegar í þessum tilgangi. Þátttakanda getur verið synjað um þátttöku eða vinning þar til sannprófun er lokið með fullnægjandi hætti.
 - b. Fella úr keppni skráningar sem ekki eru gerðar af þeim einstaklingi sem er skráður þátttakandi í leiknum.
 - c. Fella úr keppni skráningar sem gerðar voru með ónafngreindri tölvupóstþjónustu, til dæmis, en þó ekki takmarkað við, GuerillaMail, Dispostable eða Mailinator.
 - d. Fella úr keppni magnskráningar þátttöku frá einstaklingum, fyrirtækjum, neytendahópum eða þriðju aðilum, skráningar sem ekki eru fullkláraðar og skráningar skráðar með notkun fjölvaskipana (e. „macros“) eða annarri sjálfvirkni.
 - e. Fella úr keppni skráningar sem eru yfir leyfðu hámarki eða skráningar með notkun tækni á borð við „skriftumál“, „jarðýtuárás með dulmálslyklum“, notkun fleiri SIM korta fyrir skráningar, dulkóðun auðkennis með því að hagræða IP-adressum, notkun dulnefna eða auðkenna annarra einstaklinga, eða hvers konar annarrar tækni.
 - f. Fella úr keppni skráningar sem á einhvern annan hátt uppfylla ekki kröfur þessara skilmála.
 - g. Fella úr keppni skráningar sem hafa lokið við lágmarkstíma, eins og leikshaldari ákveður.

29. Þátttakendum er skylt að gefa upp persónuupplýsingar með eigin nafni. Leikshaldari áskilur sér rétt til að vísa þátttakanda úr keppni sem notar mörg nöfn eða netföng og krefjast þess að hann skili vinningum sem hann hefur unnið.
30. Vinningar og gjafir eru hvorki framseljanlegar né skiptanlegar og ekki er hægt að innleysa þær fyrir peningaverðmæti eða fyrir neinar annars konar bætur. Ef svo ólíklega vill til að einhver hluti vinninga sé ekki fánlegur áskilur leikshaldari sér rétt til að veita, að eigin ákvörðun, aðra vinninga í staðinn, af sama eða hærra verðmæti.
31. Vinningshafi ber ábyrgð á að greiða alla viðkomandi skatta sem þarf til að fá vinninginn afhentan.
32. Ef ekki er hægt að framkvæma leikinn eins og til er ætlast af ástæðum þar á meðal, en ekki takmarkað við, átt við, óheimilum afskiptum, svikum, óheiðarleika, tæknibresti eða öðrum orsökum sem leikshaldari hefur ekki stjórn á og spillir eða hefur áhrif á umsjón, öryggi, sanngirni, heiðarleika eða rétta framkvæmd þessa leiks, áskilur leikshaldari sér rétt til að víkja úr keppni hverjum þeim einstaklingi sem hefur átt við skráningarferlið eða uppfyllir ekki þessa skilmála og skilyrði, eða ógilda allar skráningar sem hafa áhrif á hana og/eða að hætta við, breyta leiknum eða hætta framkvæmd hans.
33. Engin ábyrgð er tekin á skráningum sem glatast, seinkar, spillast, skemmast, er vísað rangt eða eru ófullnægjandi, eða sem ekki bærust vegna tæknilegra eða flutningstengdra ástæðna eða annarra ástæðna. Sönnun sendingar gildir ekki sem sönnun móttöku.
34. Leikshaldari, umboðsaðili vinninga og tengdir aðilar bera ekki ábyrgð á neinu tjóni (þar með talið, án takmarkana, óbeinu, sérstöku eða afleiddu tapi eða tapi á hagnaði), kostnaði eða tjóni sem verður fyrir eða verður fyrir (hvort sem það verður eða ekki vegna vanrækslu einhvers) í tengslum við þennan leik eða við að taka við eða nota verðlaun, að undanskilinni þeirri ábyrgð sem ekki er hægt að útiloka samkvæmt lögum. Ekkert útilokar ábyrgð leikshaldara vegna dauða eða líkamstjóns af völdum vanrækslu af hans hálfu.
35. Leikshaldari ber enga ábyrgð á töfum eða vanrækslu á skuldbindingum sem verða af ástæðum sem hann hefur ekki stjórn á sem gætu verið, en takmarkast ekki við: náttúruhamfarir heimsfaraldur eða svæðisbundinn faraldur, slæm veðurskilyrði, eldsvoða, iðnaðardeilur, stríð, hryðjuverkastarfsemi, stríðsátök, pólitísk ólga, óeirðir, borgaraleg læti, plága eða aðrar náttúruhamfarir
36. Við leggjum okkur fram við að vernda friðhelgi þína. Kellogg Europe Trading Limited (Kellogg) vinnur aðeins úr upplýsingum þínum í eftirfarandi tilgangi: (1) Til að sjá um þennan leik í samræmi við skilmála, og (2) til að hafa samband við þig í tengslum við framtíðarleiki og í markaðslegum tilgangi. Við munum aldrei selja gögn um þig til þriðja aðila en það getur verið að við sameinum gögn þín við gögn annars staðar frá til að byggja upp nafnlausar forstillingar fyrir markmiðaðar auglýsingar. Unnið verður úr gögnum þínum og þau geymd á netþjónum í Bandaríkjunum. Kellogg hefur gengið úr skugga um að allir vinnsluaðilar sem við notum séu skuldbundnir til að vernda gögn samkvæmt stöðluðum ákvæðum Evrópusambandsins. Við geymum gögnin þín eins lengi og samþykki þitt er gilt og þú vilt fá sent markaðsefni. Þú hefur rétt á að nálgast gögn um þig,

afturkalla samþykki eða að láta eyða gögnunum. Þú hefur einnig rétt á því að hafa samband við effirlitsaðila gagnaverndar. Ef þú hefur frekari spurningar um hvernig við notum gögnin, skaltu skoða Persónuverndarstefnu okkar. Þú getur líka haft samband við okkur á DataPrivacyOfficer@kellogg.com. Farið er með allar upplýsingar sem safnað er um þátttakendur í leiknum sem trúnaðarmál í samræmi við persónuverndarstefnu leikshaldara sem þú getur skoðað með því að smella á https://www.kelloggs.ie/en_IE/privacy-notice.html og velja tungumál þú vilt skoða stefnuna með því að nota fellilistann hægra megin á síðunni.

37. Allar persónuupplýsingar sem vinningshafinn leggur fram til umboðsaðila vinninga verða meðhöndlaðar í samræmi við persónuverndarstefnu veitanda vinninga, sem er aðgengileg á: <https://element-london.com/element-london-privacy-policy-travel-english>
38. Ef þess er krafist samkvæmt lögum eða effirlitsreglum sem gilda um rekstur leiksins gæti leikshaldari þurft að deila einhverjum persónuupplýsingum vinningshafans með yfirvöldum, aðeins að því marki sem lög kveða á um. Þessar upplýsingar geta verið nafn sigurvegara, eftirnafn, búseta eða aðrar persónuupplýsingar sem leikshaldari þarf að deila.
39. Ef einhver hluti þessara skilmála og skilyrða er með lögum talinn ógildur, ólöglegur, eða honum ekki unnt að framfylgja, mun það ekki hafa áhrif á aðra hluta skilmálanna og eru þeir áfram í gildi.
40. Með skráningu hefur þú samþykkt að binda þig þessum skilmálum.
41. Ef ósamræmi kemur upp á milli þessara skilmála og skilmála í einhverju öðru efni kynningarefni fyrir leikinn gilda þessir skilmálar.
42. Skilmálar þessir skulu lúta lögum viðkomandi lands fyrir hvern þátttakanda og túlkun þeirra og beiting falla undir lögsögu dómstóla viðkomandi lands sem þeir eru búsettir í.

Kynningaraðili: Kellogg Europe Trading Limited, 3 Dublin Airport Central (DAC), Dublin Airport, Dublin (skráningarnúmer fyrirtækis 0387390). VINSAMLEGA EKKI SENDA TILKYNNINGAR UM ÞÁTTTÖKU Á ÞETTA HEIMILISFANG.